

Fimmti fundur haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 7. maí 2015 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Halldór Jónsson og Gísli Guðmundsson.

Katrín ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Oddviti óskar eftir frávikum frá dagskrá vegna erindis Guðríðar Pétursdóttur og varðar styrkbeiðni og að tekið verði á dagskrá liðurinn ljósleiðaramál. Það samþykkt.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Viðhald sem er í gangi núna í Laugargerðisskóla. **Upp kom leki í skólplögn milli hæða í skólanum. Fengnir voru menn til að brjóta frá lögnum og einnig var farið í baðið í leikskólanum vegna leka á lögnum. Viðgerðir standa enn yfir en veður lokið innan tíðar.**
2. Ársreikningar vegna 2014 seinni umræða. **Hellstu niðurstöður ársreikningsins eru:**
 - Rekstrartekjur kr. 126.596.773,-
 - Rekstrargjöld kr. 115.755.783,-
 - Fjármagnstekjur kr. 3.672.051,-
 - Hagnaður ársins því kr. 14.513.041,-
 - Eigið fé kr. 191.941.992,-
 - Eigið fé og skuldir kr. 200.362.149,-Reikningurinn samþykktur samhljóða.
3. Endurskoðunarskýrsla KPMG vegna 2014. **Farið yfir skýrsluna.**
4. Sorpmál. **Samþykkt að losa endurvinnslutunnurnar hálfsmánaðalega yfir sumartímenn eins og sorptunnuna.**
5. Starfsmannamál.
 - Heimabjónusta. **Ekki komu nein viðbrögð við auglýsingunni og oddviti bað hreppsnefndarmenn um ábendingar hverjir hugsanlega kæmu til greina, skóla og félagsþjónustan myndi síðan hafa samband við það fólk.**
 - Húsvörður. **Farið yfir stöðuna.**
6. N4 sjónvarp, styrkbeiðni. **Beiðni hafnað að svo stöddu.**
7. Styrkbeiðni frá NKG. **Hafnað að sinni.**
8. Svar Elliða vegna fyrirspurnar hreppsnefndar. **Ákveðið að láta uppfæra brunavarnarmöppuna sem til er.**
9. Beiðni um styrk vegna kennslu í íslensku fyrir fólk með annað móðurmál frá Guðríði Pétursdóttur. **Samþykkt samhljóða styrkveiting upp á kr. 60.000,-**
10. Ljósleiðaramál. **Farið yfir stöðuna.**

Til kynningar:

11. Ályktun aðalfundar Búnaðarsamtaka Vesturlands lögð fram til kynningar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)